

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 108/2009

frá 22. október 2009

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 100/2009 frá 25. september 2009 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 549/2004 frá 10. mars 2004 um setningu rammaákvæða um að koma á samevrópsku loftrými ⁽²⁾, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 550/2004 frá 10. mars 2004 um að veita þjónustu á sviði flugleiðsögu í samevrópska loftrýminu ⁽³⁾, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 551/2004 frá 10. mars 2004 um skipulag og notkun loftrýmis í samevrópska loftrýminu ⁽⁴⁾ og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 frá 10. mars 2004 um rekstrarsamhæfi evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar ⁽⁵⁾ voru felldar inn í samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 67/2006 frá 2. júní 2006 ⁽⁶⁾ ásamt sértækum aðlögunarákvæðum fyrir tiltekin lönd.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 262/2009 frá 30. mars 2009 um kröfur um samræmda úthlutun og notkun á spurnarkóðum kögunarsvarratsjár (Mode S) fyrir samevrópska loftrýmið ⁽⁷⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 66wg (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 29/2009) í XIII. viðauka við samninginn:

„66wh. **32009 R 0262**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 262/2009 frá 30. mars 2009 um kröfur um samræmda úthlutun og notkun á spurnarkóðum kögunarsvarratsjár (Mode S) fyrir samevrópska loftrýmið (Stjtið. ESB L 84, 31.3.2009, bls. 20).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 304, 19.11.2009, bls. 16, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 61, 19.11.2009, bls. 11.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 10.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 20.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 26.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 245, 7.9.2006, bls. 18, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 44, 7.9.2006, bls. 15.

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 84, 31.3.2009, bls. 20.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 262/2009, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 23. október 2009 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 22. október 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

O.H. Sletnes
formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.